

108 / 50 fundur

Fimmtudagskvöldið 10. maí 2001 kom hreppsnefnd saman til aukafundar í fundarsal sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:02.

Mættir: Steinn Karlsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Oddur Skúlason, Henry Mór Ásgrímsson, Gunnlaugur Ólafsson og Magnús Mór Þorvaldsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

1. Þriggja ára áætlun sveitarsjóðs 2001 - 2004. Fyrri umræða.

Oddviti gaf orðið til sveitarstjóra og kynnti hann fundarmönnum áætlunina. Umræður urðu nokkrar, oddviti leitaði eftir afstöðu fundarmanna, hvort halda skuli vinnufund áður en farið er í síðari umræðu. Fundarmenn töldu ekki þörf á vinnufundi. Samþ. samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu.

2. Skipun fulltrúa í skólamálaráð grunnskólans.

Oddviti lagði fram munnlega tillögu um Ívar Jónsson sem aðalman og Steinunni Leósdóttir sem 2. varamann. Samþ. samhljóða.

3. Áhaldahús Þórshafnarhrepps, vélakaup.

Oddviti gaf Henry orðið og kynnti hann tilboðin. Oddviti lagði til að tilboði frá Þór hf., yrði tekið, er þar um að ræða nýja dráttarvél, tegund John Deer, hestöfl 115, kaupverð rúmar sex milljónir króna. Samþ. samhljóða.

4. Aðalfundur H.Þ. 11.05.01.

Oddviti lagði til að sveitarstjóri færi með umboð sveitarfélagsins, oddvitar mæti einnig á fundinn. Samþ. með fjórum atkvæðum, einn sat hjá.

Oddviti óskaði eftir að umræður um undirbúning v. aðalfundar H.Þ. færi fram á lokuðum fundi síðar í kvöld og fært í þar til gerða bók. Samþ. með þremur atkvæðum, tveir sátu hjá.

5. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands 23.04.01. Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Eyþing, fundað með þingmönnum 08.02.01.
- Eyþing 119. fundur 21.03.01. Samþ. samhljóða.

6. Innsend erindi frá:

- "Menningarlandið" ráðstefna 14-15 maí 01. Kynning.
- Vegagerð, svarbréf umdæmisstjóra, dags. 24.apríl 2001. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:25.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.